

Áfangalýsing.

Heiti áfanga: ENSK2BB05

Titill: Akademískur orðaforði, ritun og lestur. Framhald.

Staða áfanga: Áfanginn er annar kjarnaáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: ENSK2AA05/ ENSK2AH05

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: ENSK3CC05/ENSK3CH05

Stutt lýsing á efni áfangans: Áhersla er lögð á að nemendur verði enn betur læsir á fræðilega texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaforða akademískra texta, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Í fyrirrúmi er vandlegur lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesið er bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að stærri ritunarverkefnum og viðameiri verkefnum.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Akademískur orðaforði, vinna með orðabækur, heildarmerking texta, uppbygging ritgerða, rökstuddar skoðanir, helstu hugtök bókmenntaumræðu, munnleg tjáning, menningarumhverfi, mismunandi málsnið í ensku.

Námsmat: Verkefni, smápróf, ritun, ástundun og lokapróf.